

Haustfundur umdæmis Inner Wheel á Íslandi haldinn á Kaffi Catalínu 1. nóv. 2025 kl. 11,30

Sigurbjörg Magnúsdóttir umdæmisforseti setti fundinn. Minnti á markmið Inner Wheel „**Að auka sanna vináttu. Að efla mannleg samskipti. Að auka alþjóðlegan skilning.**“ Og einkunnarorð ársins „**Vertu ávallt góð fyrirmynd**“. Síðan lagði hun til að Edda Magnúsdóttir úr IW Kópavogi yrði kjörin fundarstjóri og Erla Eggertsdóttir ritar umdæmisins ritari. Þetta var samþykkt.

Auk þeirra þriggja voru mættar á fundinn: Sigríður Ása Ólafsdóttir IW Reykjavík, Elín Hjartar IW Reykjavík, Gunnhildur Jónsdóttir IW Reykjavík, Stefanía Borg Thorsteinsson IW Reykjavík, Gudrun B Jónsson IW Reykjavík, María V Heiðdal IW Reykjavík, Margrét Einarsdóttir IW Reykjavík, Karitas P Sigurðardóttir IW Reykjavík, Vigdís Jónsdóttir IW Reykjavík. Ágústa Hauksdóttir IW Reykjavík, Ágústa Kristín G IW Keflavík, Soffía Heiða Hafsteinsdóttir IW Keflavík, Gunnhildur Skaftadóttir IW Keflavík, Anna Vilhjálmsdóttir IW Selfoss, Agnes Jóhannsdóttir IW Hafnarfjörður, Kristjana Þórdís Árnadóttir IW Hafnarfjörður, María Óladóttir IW Selfoss, Laufey Jóhannsdóttir IW Garðabær, Aðalheiður Valgeirsdóttir IW Keflavík, Maríanna Einarsdóttir IW Keflavík, Svanhildur M Bergsdóttir IW Kópavogur, Sigrún S Ívarsdóttir IW Kópavogur, Jónína Guðrún Einarsdóttir IW Kópavogur, Helga Einarsdóttir IW Kópavogur, Sólveig Árnadóttir IW Kópavogur, Magga Hrönn Árnadóttir IW Kópavogur, Dúfa Sylvía Einarsdóttir IW Kópavogur og Valdís B Guðjónsdóttir IW Hafnarfjörður.

Eftir nokkurt bras með hátalarann á staðnum Tók Edda við fundarstjórninni. Hún fór yfir dagskrá fundarins.

Fyrst á dagskrá var að hver klúbbur segði frá væntanlegu vetrarstarfi.

Laufey frá Garðabæ talaði fyrst. Hun sagði að það væri þungt hjóð í þeim varðandi framtíðina. Þeim gangi illa að fá nýja meðlimi. Þær væru aðeins 13 skráðar í klúbbinn og þar af væru þrjár á tíræðisaldri. Þær mættu því eðlilega ekki nema að færð og veður væri gott. Þær væru því oftast bara 5-6 sem mættu á fundina. Þær halda orðið fundina með Hafnarfjarðarklúbbnum. Þær treysta sér því ekki til að taka við umdæminu næst.

Næst talaði Kristjana frá Hafnarfjarðarklúbbnum. Þær eru 22 í klúbbnum og hafa góða von um að fá 2 nýjar í klúbbinn. Til að auka áhuga kvenna á klúbbnum ætla þær að bjóða einni konu hver í nóvemberklúbbinn. Í desember höfðu þær í huga að bjóða kvenkyns afkomendum í sama skyni. Þær höfðu einnig áhuga á að hafa sameiginlegan fund með öðrum klúbbi til að auka á kynnin á milli klúbbanna.

Marianna frá Keflavíkurklúbbnum. Þeim hefur öfugt við marga aðra klúbba gengið vel að fjölga og yngja upp í klúbbnum. Þær eru ca 35 og reyna að fá fræðandi og skemmtilega fyriresara.

Þá var komið að Kópavoginum. Magga Hrönn sagði að svipað væri ástatt eins og í mörgum öðrum klúbbum. Illa gegi að fjölga og yngja upp.

Næst var Stefanía Borg frá Reykjavíkurklúbbnum. Þar var sama áhyggjuefnið með að reyna að fjölga félugunum. Hún fór á Rallíð í Árósum. Þar fangaði hún hugmynd um að bjóða konum sem væru nýkomnar á eftirlaun gæti verið góður kostur. Þær eru búnar að fækka fundunum. Eru með 2 fyrir áramót og 3 eftir áramót. Þar sem þær eru orðnar svo fáar eru þær hættaðar að taka rútu í vorferðina, en safnast saman í einkabíla í staðinn.

Frá Selfosklúbbnum talaði Anna. Þær eru 26 og eiga von á að 1 bætist við á næsta fundi. Þær bjóða oft með sér á fundina til að reyna að fjölga og hafa sett sér það markmið að verða 30. Þær leggja áherslu á að hafa gaman saman og styrkja góð málefni í nærumhverfnum.

Í umræðum á eftir kom fram tillaga um að klúbbarnir reyndu að fá einhverja til að fræða um gervigreindina. Einnig væri áhugavert að klúbbarir opnuðu Fésbókarsíður. Einnig kom fram tillaga um að á umdæmisfundum myndi hver fyrir sig útbúa merkimiða með nafni og frá hvaða klúbbi við kæmum. Það væri gott upp á samskiptin því þó að maður kannist við andlitin man maður ekki alltaf nöfnin eða hvaðan hinar koma.

Hádegishlé

Eftir góðan mat og kaffi tók Soffía Heiða Harðardóttir til máls. Hún fór ásamt tveimur öðrum konum á Rallíð sem haldið var í Árósum í Danmörku. Hún hélt frábæran fyrirlestur með glærum og myndum, þar sem hún sagði okkur frá upplifun sinni á Rallýinu. Þar var margt tekið fyrir enda um 300 þátttakendur. M.a. var lögð áhersla á „Orange World“ sem er áttak í nóv. og des. með appelsínugulum fánum og öðru til að sporna

gegn ofbeldi í heiminum ekki síst gagnvart konum. Svo sagði hún frá því að á heimasíðu IW í Hollandi væri hægt að skrá sig ef konur vildu komast í samband við aðrar IW konur.

Í liðnum önnur mál hvatti Kristjana til að klúbbarnir hefðu hver sitt eigið netfang, sem sé ekki tengt persónulegri kennitölu.

Sigurbjörg sagði frá tveimur Indverskum konum „Amrita og Minal“ sem vildu skiptast á fánum við okkur. Hún, Edda og Erla hittum þær og gáfum þeim fána umdæmisins og þær gáfu okkur klúbbfána sinna félaga í Bombay. Sigurbjörg minnti á IW daginn 10. jan og Umdæmisþingið 16. maí. Fundi var slitið um kl. 14,15.

Erla Eggertsdóttir fundarritari